

# Illugastaðir í Laxárdal og Neðstibær í Vindhælishreppi

Guðmundur Ólafsson



4

# Illugastaðir í Laxárdal og Neðstibær í Vindhælishreppi

Rannsókn á bæjarstæði  
dagana 21. – 23. júní

Guðmundur Ólafsson



Ljósmynd á forsiðu: Horft til suðurs yfir Illugastaði. Gamla bæjarstæðið er fyrir miðri mynd á flötinni niður af íbúðarhúsinu. Ljósa stíkan þar fyrir neðan sýnir miðlínu vegstæðis. Ljós. GOL-19990408.

© Þjóðminjasafn Íslands/Guðmundur Ólafsson

Öll réttindi áskilin.

ISSN 1560-8050

Prentun/umbrot: Gutenberg – Hraðlestin

# Efnisyfirlit

Ilugastaðir í Lákárdal .....	5
Rannsókn á bæjarstæði .....	5
Aðdragandi .....	5
Vettvangsrannsókn .....	7
Könnunarskurður 1 .....	7
Fundir .....	8
Könnunarskurður 2 .....	8
Könnunarskurður 3 .....	10
Niðurstaða .....	11
Neðstibær í Vindhælishreppi .....	12
Rúst nr. 10 .....	12
Aðdragandi .....	12
Vettvangsrannsókn .....	12
Niðurstaða .....	12
Leyfi fornleifanefndar .....	13

# Illugastaðir í Laxárdal

## Rannsókn á bæjarstæði

### Aðdragandi

Vegna fyrirhugaðrar nýlagningar Þverárfjallsvegjar milli Skagastrandar og Sauðárkróks um Laxárdal fór fram mat á umhverfisáhrifum vegna fornleifa 2. – 4. ágúst 1998.<sup>1</sup>

Í niðurstöðum matsskýrslunnar kemur fram (bls. 16 - 17) að minjarnar sem lenda í fyrirhuguðu vegstæði eru nær allar frá þessari öld og njóta því ekki verndar þjóðminjalaga. Undantekning frá þessu er bæjarstæði Illugastaða í Laxárdal, þar sem búið

hefur verið öldum saman, þó að ekkert væri vitað með vissu um hvenær byggð hófst á staðnum. Elsta ritheimild sem skýrsluhöfundur hefur fundið um Illugastaði er frá 6. mars 1390 í Íslenzku fornbréfasafni. Þar er greint frá því að Þórður prestur Þórðarson selur Birni bónda Brynjólfssyni jarðirnar Illugastaði og Hrafnagil í Laxárdal fyrir jörðina Sneis í Laxárdal.<sup>2</sup>


Búið var á Illugastöðum fram undir miðja þessa öld. Sléttað hefur verið yfir gamla bæjarstæðið sem er í



Mynd 2. Horft til NV heim að Illugastöðum. Fremst á mynd eru leifar af gördum og garðbrotum. Ofarlega á myndinni, vinstra megin við miðju er ljós stika sem sýnir vegstæðið. Stallurinn ofan við stikuna eru leifar af bæjarstæðinu. Í baksýn er gamla íbúðarhúsið á Illugastöðum. Ljós. GOL-19990409.

<sup>1</sup> Rannsóknaskýrslur fornleifadeildar 1998:10.

<sup>2</sup> Íslenzkt fornbréfasafn III:448.



Mynd 3. Yfirlitskort og snið af bæjarstæðinu sem sýnir afstöðu þess við fyrirhugað vegstæði. Könnunarskurðirnir eru merktir með svörtu. Mælt upp með aðstoð Vegagerðarinnar á Sauðárkróki.

túninu um 10 – 35 m niður af gamla steypa íbúðarhúsinu sem enn stendur. Þarna var talið nauðsynlegt að hnika veglínu svo að bæjarstæðinu yrði ekki spillt meir en orðið var. Að öðrum kosti þyrfti að rannsaka staðinn betur.

Einnig var talið nauðsynlegt að ganga úr skugga um hvort minjar væru í túni við Norðurá hjá Neðstabæ í Vindhælishreppi.

Vegagerðin taldi að vegna þröngra aðstæðna og kostnaðarauka væri ekki raunhæft að færa vegstæðið hjá Illugastöðum en var að öðru leyti reiðubúin að ganga að kröfum minjavörslunnar. M.a. var ákveðið að skipta ekki um jarðveg í vegstæðinu þar sem það fer yfir túnið hjá Illugastöðum, heldur byggja það upp með aðfluttu efni á þeim kafla. Minjar þar verða því huldar en ekki fjarlægðar.

Þjóðminjasafn taldi samt nauðsynlegt að umfang bæjarstæðisins og aldur yrði kannað með könnunarskurðum svo að hægt væri að gera sér einhverja grein fyrir hvers konar minjar væru þarna í jörðu áður en vegur yrði lagður. Einnig að gengið yrði úr skugga um hvort um minjar sé að ræða í vegstæði í túninu við Norðurá.

Í bréfi dagssettu 19. maí 1999 óskaði Vegagerðin á Sauðárkróki eftir að Þjóðminjasafnið tæki að sér ofangreinda könnun á minjum sem vegurinn fer yfir og nauðsynlegt væri að rannsaka.

Fornleifanefnd veitti leyfi til rannsóknanna þann 15. júní.

### Vettvangsrannsókn

Rannsókn fór fram dagana 21. – 23. júní. Lögð var út grunnlína til SV- frá norðurgafli gamla íbúðarhússins niður brekkuna og yfir gamla bæjarstæðið. Grafnir voru þrjú könnunarskurðir í þessari línu. Lauslegur uppdráttur var dreginn upp af bæjarstæðinu og Vegagerðin á Sauðárkróki mældi út hnit á bæjarstæði og grunnlínu.

### Könnunarskurður 1

Fyrsti skurðurinn var tekinn 31 – 32.4 m frá húshorni þar sem líklegast þótti að gamla bæjarstæðið hefði verið og um 4 m ofan við 1 m háan stall. Skurðurinn var um 1,4 x 0,7 m að ummáli og um 1,2 m djúpur. Hnit við norðurbrún skurðar: X=589316.535, Y=457100.066 og hæð=95,95. Hnit við suðurbrún skurðar: X=589315.645, Y=457101.077, og hæð=95,88

Á um 20 cm dýpi var komið niður á steina í NA-horni skurðarins. Þeir virtust ekki tilheyra neinni hleðslu og hafa sennilega hrunið úr hleðslu. Í þessu efsta lagi við og ofan á steinunum voru leifar af postulínsbrotum. Með allri suðurhlið skurðarins kom fram steinaröð sem er sennilega hluti af vegg. Við austurgafli skurðarins kom einnig fram steinn sem virtist vera í vegg.

Snið norðurbakkans var teiknað og er eftirfarandi lýsing á lögnum sem greindust í sniðinu:

- Lag 1 *Grasrót.*
- Lag 2 *Torf.* Brúnt, dökkbrúnt og rauðbrúnt að lit. Virtist vera bæði strengur og hnaus.
- Lag 3 *Móaska.* Þunnt bleikt móöskulag með viðarkolaögnum, neðarlega í lagi 2.
- Lag 4 *Torf.* Dökkbrúnt og rauðbrúnt að lit.

Tilheyrir sennilega eldri hleðslu en lag 2. Í þessari torfhleðslu er svört gjóska sem er 0,2 – 0,5 cm þykk. Hugsanlega er þetta Heklugjóska frá 1693. Ef það reynist rétt er torfhleðslan aðeins yngri eða frá um 1700. Gjóskusýni var tekið úr þessu lagi.

Lag 5 *Torf.* Dökkbrúnt að lit. Í þessu torfi sem er ofan á steininum við austurgafli skurðarins eru mjög dökkar rákir sem við fyrstu sýn virtust vera gjóska en reyndist vera dökkt gróðurlag.

Lag 6 *Steinn,* líklega í vegg hleðslu.

Lag 7 *Móaska.* Grá og dökkgrá að lit, lagskipt. Í þessu lagi eru brennd og óbrennd bein og viðarkolaagnir.

Lag 8 *Móaska.* Mislit, bæði rauðbrún og grá, lagskipt í þunnum strípum. Í laginu eru brennd bein og viðarkolaagnir.

Lag 9 *Móaska.* Dökkgrá og grá að lit. Í þessu lagi eru brennd bein og viðarkolaagnir.

Lag 10 *Móaska.* Bæði rauðbrún og grá, lagskipt í þunnum strípum. Í laginu eru brennd bein og viðarkolaagnir. Eins og lag 8.


Lag 11 *Gólfskán.* Dökkgrátt mannvistarlag, sennilega gólfskán í útihúsi. Lagið er sendið og blandað plöntuleifum og torfusneplum. Einstaka beinaleifar voru í laginu, einkum í efri hluta þess. Þar fannst einnig m.a. brot af nál.

Lag 12 *Steinar* sem bætt hefur verið ofan á gólfið allt eftir því sem gólfskánin þykknaði. Gólfskánin er orðin a.m.k. 40 cm þykk. Holrúm var milli neðstu steinanna.

Þegar komið var niður á 1,2 m dýpi voru steinar í botninum sem of erfitt var að fjarlægja. Rannsókn var því hætt í þessum skurði. Hugsanlega er allt að 1 m enn ógrafinn niður að óhreyfðu. Helstu ályktanir sem hægt er að draga af mannvistarlögum í skurðinum er að þarna hefur verið óslitin búseta um margra alda skeið. Gólfskánin í húsinu er afar þykk og hefur myndast á löngum tíma. Hún sýnir að þarna hefur staðið hús mjög lengi. Því miður var ekki unnt að komast niður úr öllum mannvistarlögum í þessum skurði og það gerir erfiðara fyrir að tímasetja minjarnar af nokkurri vissu. Hér skal þó reynt að geta nokkuð um aldur einstakra mannvistarlaga út frá gjóskulögum og þykkt mannvistarlaga:



Mynd 4. Snið í könnunarskurði 1, horft til norðausturs. Torfhleðslur eru efst og móaska er þar undir fyrir miðri mynd. Þykka svarta lagið þar undir er gólfskán. Ljósmynd: GOL-19999417.



Mynd 5. Sniðteikning úr könnunarskurði 1. Teikn. G.Ó.

20. öld:	Lag 1	Grasrót
19. – 20. öld:	Lag 2 og 3	Torf og móaska
18. öld:	Lag 4	Torf með gjósku (H-1693).
17. öld:	Lag 7 – 10	Móaska, öskuhaugur.
16. öld		Lag 5 - 6 Hleðsla
1400 – 1600	Lag 11, 12	Gólfskán í húsi sem staðið hefur lengi.

### Fundir

Í skurði 1 fundust brennd og óbrennd dýrabein, viðarleifar, skeljar og nál. Sýni var tekið af dökkri gjósku sem var í lagi 4.


### Könnunarskurður 2

Skurðurinn er neðan við stall um 8 m sunnan við skurð 1. Hann er 130 x 60 cm að ummáli. Suðurbakki





Mynd 6. Horft á suðurbakkann í skurði 2. Í efri lögnum má sjá timbur og járn í lögum frá þessari öld. Þar undir eru móaska. Ljósá gjóskulagið neðarlega í skurðinum er Heklugjóska frá 1104 og viðarkolaaska er í lögum þar undir.



Mynd 7. Sniðteikning af suðurbakka könnunarskurðar 2. Teikn. G.Ó.


skurðarins var teiknaður í sniði. Hnit norðurbakkans sem fylgir grunnlínu eru  $X=589311.935$ ,  $Y=457105.091$ . Hæð við yfirborð er 94,55. Hnit við syðri brún norðurbakka eru:  $X=589311.032$ ,  $Y=457106.194$ . Hæð við yfirborð er 94,48.

Undir grasrótinni var rúmlega 50 cm þykkt ruslag frá þessari öld. Þar undir var um 30 cm þykkt móöskulag. Síðan var ljóst gjóskulag sennilega H-

1104. Undir henni var brún mold með mannvistarleifum, viðarkolum og móöskuögnum. Nánari lýsing á hverju lagi fyrir sig fer hér á eftir:

Lag 1 *Grasrót*.

Lag 2 *Hreyfð mold*. Hugsanleg ruslagryfja frá 20. öld. Þarna fundust hlutar úr vinnuvélum, timburleifar, víradræsur o.fl.



Mynd 9. Nærmynd af sniði í könnunarskurði 3. Fyrir miðju er ljósa gjóskulagið frá Heklu 1104. Fokmoldir eru fyrir ofan það og dökkar rákir undir því eru viðarkolaleifar.

Lag 3 *Móaska*. Rauðbrún og grá blönduð sót-ögnum.

Lag 4 *Móaska*. Grá og dökkgrá. Blönduð sót- og viðarkolaögnum. Í þessu lagi eru 2–3 ljósir gjóskublettir úr H-1104.

Lag 5 *Móaska*. Bleik og brúnleit, blönduð mold. Eftir því sem neðar dregur í laginu minnkar hlutfall móöskunnar og hlutfall moldar eykst.

Lag 6 *Gjóskulag*. Ljós, gulleit gjóska 1–3 cm að þykkt. Sennilega úr Heklugosi 1104.

Lag 7 *Brún mold*. Í þessu lagi vottar fyrir elstu ummerkjum um mannavist á svæðinu. Greina má agnir af brenndum beinum og viðarkolum. Mest er um þessar leifar neðst í laginu. Þetta er elsta mannvistarlagið á staðnum.

Lag 8 *Mold*. Dökkbrúnt gróðurlag. Hugsanlega yfirborð við landnám í dalnum. Óhreyft.

Lag 9 *Mold*. Ljósbrún og mjög fínkornótt. Þetta lag er rétt yfir og í malarlagi.

Engin mannvirki fundust í þessum könnunarskurði. Ruslalagið efst gæti verið frá því er gamli bærinn var rifinn. Sniðið bendir til þess að bærinn

hafi aðeins náð að stallinum sem er rétt ofan við þennan könnunarskurð. Móöskulagið bendir til að þarna hafi verið öskuhaugur á miðöldum. Viðarkolaagnimar sem fundust neðst yfir óhreyfða laginu benda til þess að dalurinn hafi verið skógi vaxinn við landnám og að hann hafi þá verið sviðinn.

### Könnunarskurður 3

Þriðji könnunarskurðurinn er um 10 m neðar en skurður 2 og er innan garðs sem er fyrir sunnan bæjarstæðið. Hann er 130 x 50 cm að ummáli. Norðurbakkinn var teiknaður í sniði. Hnit hans við efri brún eru: X=589301.579, Y=457116.700. Hæð er 92,34. Hnit við neðri brún eru: X=589300.739, Y=457117.791. Hæð er 92,06.


Eftirfarandi lög greindust í könnunarskurði 3:

Lag 1 *Grasrót*.

Lag 2 *Hreyfð mold*. Brún að lit. Sennilega nýleg jarðvegsþykknun.

Lag 3 *Mold*. Ljósbrún og brún. Blönduð móöskublettum og sótögnum. Sennilega fokmoldir.

Lag 4 *Gjóskulag*. Ljós, gulleit gjóska 1–3 cm að



Mynd 8. Sniðteikning af könnunarskurði 3. Teikn. G.Ó.

þykkt. Sennilega úr Heklugosi 1104. Sýni var tekið úr þessu lagi.

Lag 5 *Brún mold*. Í þessu lagi vottar fyrir ummerkjum um mannavist á svæðinu. Greina má agnir af brenndum beinum og viðarkolum. Mest er um þessar leifar neðst í laginu. Þetta er elsta mannvistarlagið á staðnum og er sama lagið og er nr. 7 í skurði 2.

Lag 6 *Mold*. Ljósbrún og mjög fínkornótt. Þetta lag er rétt yfir og í malarlagi.

Þarna er komið vel út fyrir bæjarstæðið og jarðvegsþykkunin aðeins milli 20 og 30 cm. Neðstu lögin eru þau sömu og í skurði 2, nema hvað dökkbrúna gróðurlagið sást ekki hér. Hugsanlega hefur það verið svo þunnt að það fellur alveg saman við neðsta hluta lags 5.

### Niðurstaða

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar eru þær að bærinn virðist hafa staðið mjög lengi þar sem *skurður 1* var grafinn. Þar eru mannvistarlæg bæjarhólsins þykkust og sennilega hefur bærinn staðið þar frá upphafi. Af þykkt mannvistarlaga og gjóskulagi (líklega H-1693) má ætla að elstu minjar sem þarna voru grafnar fram séu a.m.k. frá 15. öld. Vegna steina í botni skurðar var ekki unnt að komast dýpra til að skoða upphaf bæjarins. Grafið var niður á 1,2 m dýpi en ætla má að mannvistarlæg geti náð á allt að 2 m dýpi.

Síðasti bærinn sem stóð þarna var jafnaður við jörðu á fyrri hluta þessarar aldar. Sú aðgerð virðist ekki hafa haft áhrif á eldri minjar og mannvistarleifar sem eru undir yfirborði. Í bæjarstæðinu er því saga bæjarins enn varðveitt og ekki má raska því meira en orðið er.

Í *skurði 2* er ekki hægt að sjá neinar mannvirkjaleifar og hefur bærinn líklega alltaf staðið ofar í brekkunni. Mannvistarlæg eru þó greinileg allt að 12 cm undir Heklugjósku frá 1104. Það sýnir að Illugastaðir hafa byggst allöngu áður en gjóskan féll. Án frekari aldursgreininga er ekki hægt að segja nákvæmlega til um hvenær landnám hefst þarna en miðað við þykkt mannvistarlagsins má ætla að það gerist á 10. öld. Í Landnámu segir að Eilífur Atlason hafi numið land inn frá Mánafúfu til Göngudals og Laxárdal og búið þar.<sup>3</sup> Elsta ritheimild sem fannst um Illugastaði er frá 1390 í Fornbréfasafni<sup>4</sup> og hefur rannsóknin því leitt í ljós að upphaf byggðar á Illugastöðum var um fjórum öldum fyrr en ritaðar heimildir eru til um. Vegna þess hve Illugastaðir eru innarlega í dalnum bendir rannsóknin líka til þess að dalurinn hafi allur byggst mjög snemma.

Vegstæðið fer yfir skurð 2 og nær upp að bæjarhólnum. Sjálft bæjarstæðið virðist lenda fyrir norðan veglínu og virðist ekki hætta búin vegna framkvæmdanna ef vegstæðið verður að öllu leyti byggt upp með aðfluttu uppþyllingarefni. Æskilegast væri að færa vegstæðið aðeins lengra frá bæjarstæðinu ef þess er nokkur kostur, en að ofangreindum skilyrðum uppþylltum og ef ekki verður neitt jarðrask á þessu svæði telur skýrsluhöfundur að óhætt sé að heimila veglagninguna, þó að vegstæðið nái nær alveg upp að bæjarhólnum.

<sup>3</sup> Íslensk fornrit I:227.

<sup>4</sup> Ísl. fornbréfasafn III:448.

# Neðstibær í Vindhælishreppi

## Rúst nr 10

### Aðdragandi


Í matsskýrslu var talið nauðsynlegt að kanna þúst þar sem vegstæðið liggur í túni hjá Neðstabæ og virtist vera áður óþekkt rúst. Einar Guðlaugsson bóndi á Neðstabæ veitti heimild dags. 3. júní til þess að rannsaka staðinn og fornleifanefnd veitti leyfi til rannsóknar 18. júní.

### Vettvangsrannsókn

Þann 23. júní 1999 var þústin mæld upp og rannsökuð. Að ummáli reyndist hún vera um 19 m löng og 5 – 6 m breið að jafnaði en breiðust um miðjuna þar sem hún var 9 m. Þústin er hæst um miðjuna þar sem hún er allt að 40 cm há og er með

Nánari lýsing á sniði:

- Lag 1 *Grasrót*. Efsti hluti hennar var þakinn heyi.  
Lag 2 *Sorplag*. Dökkbrúnt og svart að lit. Mjög laust í sér. Lagið er blandað skeljum, skeljasandi, hefilspónum og plöntuleifum. Í því var einnig nýleg spýta og plast. Í neðri hluta lagsins eru ljósbrúna þunnar strípur. Ekki fundust lambaspörð í laginu.  
Lag 3 *Gróðurlag*. Dökkbrúnt óhreyft lag. Hugsanlega gamalt yfirborð.  
Lag 4 *Mold*, brún að lit. Óhreyfð.  
Lag 5 *Möl*, óhreyfð.



Mynd 12. Sniðteikning af könnunarskurði í rúst nr. 10. Teikn. G.Ó.

aflíðandi halla út til jaðrana. Þústin var þakinn gömlu heyi. Við jaðrana sást sums staðar á 20 – 30 cm stóra steina.

Tekið var snið nálægt miðju þústar. Skurðurinn var 120 x 60 cm að ummáli.

Í ljós kom um 20 – 30 cm þykkt dökkbrúnt sorplag sem virtist ekki vera ýkja gamalt. Í því fannst m.a. spýta, skeljar, skeljasandur hefilspænir og plast. Undir því var óhreyfð mold og möl.

### Niðurstaða

Rannsóknin bendir til þess að þarna hafi staðið útihús á fyrri hluta þessarar aldar. Að sögn Einars bónda gætu þarna verið leifar fjárhúss, en sorplagið sem grafið var í gegn um og lyktin sem af því var bendir frekar til hæsnahúss. Hugsanlega hafa staðið tvö til þrjú hús þarna saman.

Þessar minjar hafa ekki náð svo háum aldri að þær njóti verndar þjóðminjalaga. Skýrsluhöfundur telur



Mynd 10. Horft til suðurs yfir þústina í túni Neðstabæjar sem er að mestu hulin heyi.

að fullnægjandi rannsókn hafi farið fram og leggst ekki gegn lagningu vegar á þessum stað.

### Leyfi fornleifanefndar

Að lokum skal vakin athygli á 17. gr. Þjóðminjalaga nr. 88/1989. Þar segir að fornleifum megi enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi fornleifanefndar komi til.

### Heimildir


Guðmundur Ólafsson 1998. Þverárfjallsvegur – Skagavegur. Mat á umhverfisáhrifum.

Rannsóknaskýrslur fornleifadeildar 1998:10.

Íslenskt fornbréfasafn III 1896. Kaupmannahöfn.

Landnáamabók 1968. Íslensk fornrit I. Reykjavík.

Þjóðminjalög nr. 88/1989 með áorðnum breytingum.



Mynd 11: Flatarteikning af útlínu þústarinnar. Hugsanlega eru þetta leifar af tveimur til þremur byggingum. Teikn. G.Ó.



Mynd 13. Uppdráttur af Þverárfjallsvegi sem sýnir afstöðu Illugastaða í Laxárdal og Neðstabæjar í Norðurárdal.

# Illugastaðir í Laxárdal og Neðstibær í Vindhælishreppi

Guðmundur Ólafsson

- 1 Framkvæmdir á Keldum 1997-1998 og stefnumörkun um viðgerð bæjarins. Þór Hjaltalín.
- 2 Viðgerðir á Keldum sumarið 1997. Vesturtraðir, smiðja, hjallur og Nýja hús frá 1937. Þór Hjaltalín.
- 3 Ljósmyndun á Íslandi 1950-1970. Guðrún Harðardóttir.
- 4 Illugastaðir í Laxárdal og Neðstibær í Vindhælishreppi. Rannsókn á bæjarstæði dagana 21. – 23. júní. Guðmundur Ólafsson



ÞJÓÐMINJASAFN  
ÍSLANDS